

100
9. septbr.

þjer, herra amtmaður, lagt það til, að landshöfðinginn gefi út almenna ákvörðun, er takmarki rekstrarbann og flutningsbann það á sauðfje inn á hið kláðagrunaða svæði og úr því, sem á var lagt með brjefi landshöfðingja frá 18. marz þ. á., samanbr. auglýsingu landshöfðingja frá 30. ágúst f. á., þannig, að leyft verði að reka í haust skurðarfje vestan norðan og austan yfir takmörk hins grunaða svæðis til sjávarsveitanna á þessu svæði.

Fyrir því skal hjer með samþykkt, að *fjárrekstrar til skurðar* eigi sjer stað í haust frá því um rjettir og til októbermánaðarloka út og suður yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis (Brúará, Hvítá og Ölvesá í Árnessýslu og Hvítá í Borgarfjarðarsýslu) með skilyrðum þeim, er nú skal greina:

1.

Ekki má reka kindur í minni hópum en 50 fjár, og skulu að minnsta kosti 3 áreiðanlegir menn reka hvern hóp. Eiga þeir að hafa meðferðis skirteini, þar sem eigendur kinda þeirra, er í rekstrinum eru, skuldbinda sig til að skera þær, undir eins og þær ern komnar á stað þann, er þær eru ætlaðar á, og skal hreppstjóri í sveit þeirri, sem fjeð er rekið úr, eða þá hlutaðeigandi sýslumaður rita á skirteinið vottorð um tölu kindanna og um nöfn og áreiðanlegleika rekstrarmannanna.

2.

Rekstrarmenn mega aldrei allir yfirgefa fjeð, og ber þeim á nóttunni að vaka yfir því, ef það ekki er látið inn. Skyldi samt kind tynast, ber rekstrarmönnum þegar í stað að gjöra ráðstöfun til að leitað verði að kindinni, og henni fargað þegar hún finnst.

3.

Ferjumenn við ár þær, sem eru á leiðinni úr binum heilbrigðu sveitum suður, mega, að viðlögðum sektum enga fjárrekstra flytja yfir árnar, nema því að eins, að skilyrðum þeim sem að framan eru nefnd, sje fullnægt. Ber þeim að láta sýna sjer skirteini það, er á að fylgja rekstrinum og rita á það vottorð um tölu kinda þeirra, sem fluttar hafa verið yfir ána.

4.

Þegar fjeð er komið þangað sem það er ætlað, ber þegar að afhenda lögreglustjóra eða hreppstjóra á staðnum skirteinið; lætur hann undir eins telja fjeð og sjer um, að það verði allt skorið. Vanti nokkra kind af þeim, er í rekstrinum áttu að vera, ber hreppstjóra þegar í stað að rannsaka, hvernig á því standi og gefa lögreglustjóra um það skýrslu.

5.

Nú hittast innan takmarka hins grunaða svæðis fjárrekstrar úr heilbrigðum sveitum, sem eigi fylgir optnefat skirteini, of fáir rekstrarmenn eru með, eða sem annars eitthvað þykir að, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að slíkir rekstrar verði teknir í trygga gæzlu, þangað til að fjenu verði rádstafað, og ber þar að auki eptir ástæðum að lögsökja eigendur fjárins eða aðra hlutaðeigendur fyrir brot gegn rekstrarbanninu.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

101
12. septbr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa kirkju.*— Með þóknanlegu brjefi frá 22. júní þ. á. hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem sóknarpresturinn að Kálfatjörn, sira Stefán Thorarensen, fer þess á leit, að veitt verði Kálfatjarnarkirkju 500 kr. lán úr læknasjóði til þess að endurbæta hana og prýða, og hafð þjer lagt það til, að yður verði fengin heimild til að veita hið umbeðna

lán úr hinum íslenska lækna sjóði, þannig, að af greiddar verði af láni þessu, að viðbættum 844 kr. 72 a., sem eptir eru af láni, er áður hefir veitt verið kirkjunni úr sama sjóði, 140 kr. um árið í vöxtu og afborgun, og muni með því móti verða búið að endurborga það árið 1889. **101**
12. sept.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar og frekari ráðstafanar, að ráðgjafinn leyfir, að hið umbeðna lán verði veitt Kálfatjarnarkirkju úr viðlagasjóðnum, með þeim kjörum, er þjer hafði til tekið, og þannig, að gefið verði út nýtt skuldabref til *viðlagasjóðsins* fyrir þessu láni, ásamt því, sem áður hefir veitt verið kirkjunni úr hinum íslenska lækna sjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verðlag á lækna-lyfjum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 12. júní þ. á. hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem lyfsalinn í Reykjavík, Randrup konsúll, beiðist leyfis til þess að hækka verðlag lyfja þeirra, er vínandi er í, um 5%, sökum þess, að á vínanda hefir verið lagt aðflutningsgjald með tilskipun frá 26. febr. 1872 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, og lögum frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tjeðri tilskipun, og í annan stað álit landlæknisins á Íslandi um þetta mál, þar sem hann leggur á móti þessari verðhækkun, með því að verðlag það, sem nú stendur, þyki of hátt, en mælir aptur á móti með því, að lyfsölumönnum á Íslandi verði leyft að flytja inn nokkuð af vínanda afgangslaus. Hafði þjer í áminnstu brjefi tekið fram, að sanngirnir mæli með því, að lyfsölumönnum verði veitt nokkur uppbót í þessu skyni, en með því að þjer teljið vafasamt, hvort ástæða sje til að reyna að útvega lagafyrirmæli þau, er með þarf til tollfrelsis þess, er hjer er farið fram á, leggið þjer það til, að verðlagið verði hækkað. **102**
22. sept.

Út af þessu er þess að geta, að skrifazt hefir verið á við hið konunglega heilbrigðisráð um málið, og skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn er yður samdóma um, að ekki sje nægileg ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um tollfrelsi það, sem landlæknir hefir stungið upp á, en þykir isjárvert að láta hækka verðlag það, sem nú er á lækna lyfjum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni.* **103**
— Útaf beiðni þeirri, sem send hefir verið hingað með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 15. júlí þ. á., þar sem Siemsen konsúll í Reykjavík fer þess á leit, að reikna megi tollinn á nokkru af brennivíni, er komið hafi til hans og reynzt með 8 $\frac{1}{8}$ ° styrkleika, er það var mælt, 20 aura af hverjum potti, í stað 30 aura, skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að beiðni þessi verður ekki veitt. **103**
12. sept.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af brennivíni* **104**
og tóbaki. — Með þóknananlegu brjefi frá 15. júlí þ. á. hafði þjer, herra lands- **104**
26. sept.

1) Brennivínið hafði komið frá Hamborg og styrkleika þess ekki verið getið á tollskrá skipsins. Hafði beiðandi látið í veðri vaka, að mælirinn, er hlutaðeigandi lögreglustjóri hefði haft, væri ef til vildi ekki nákvæmur; en í álitinu sínu um málið fullyrðir lögreglustjóri, að mælirinn hafi verið alveg rjettur; að minnsta kosti sje ekki unnt að villast á því, hvort lögurinn, sem mældur er, sje 8° eða 8 $\frac{1}{8}$ ° að styrkleika.